

Auka svæðisráðsfundur Freyjusvæðis haldinn í Kiwanishúsinu
Bíldshöfða 12, hinn 15.febrúar 2014 eina dagskrárefnið
Stífkrapaverkefnið Kiwanis og Unicef.

Svæðisstjóri Bjarni Vésteinsson setti fund kl. 1305 ,Bauð félaga velkomna til fundar og sagði eina á dagskrá væri Stífkrapaverkefnið : Mættir til fundar þessa voru 18 Kiwanisfélagar , fulltrúar frá öllum klúbbum Freyjusvæðis ,nema Jöklum ,Geysi og Básam , fulltrúi Bása fyrgdist með fundinum með aðstoð frjarskifta . Bauð svæðisstjóri síðan Ástbirni Egilssyni formanni ,nefndar þeirrar sem hefur með framkvæmd verkefnisins að gera í umdæminu Ísland –Færeyjar orðið . **Ástbjörn** Var með myndvarpa sýnt og útskýrt verkefnið : ELIMINATE –KIWANIS –UNICEF !! Í verkefnahóp þessum eru kjarnakarlar miklir en þeir eru :

Ástbjörn Egilsson formaður –Óskar Guðjónsson –Sæmundur Sæmundsson –Guðlaugur Kristjánsson –Björn Ágúst Sigurjónsson –og Arnar Ingólfsson féhirðir :

Ástbjörn fór yfir árangur J-verkefnisins og hvernig til hefði tekist með þá fjáröflun . Við í Kiwanishreifingunni ætlum aftur með Unicef að breyta heiminum með baráttu við hinn válega sjúkdóm stífkrapa í heiminum.

Taldi að stífkrapa hefði ekki að fullu verið útrýmt á Íslandi fyrr en um 1950 og þá síðast í Vestmannaeyjum en um tíma var barnadauði algengastur í vestmannaeyjum og fóru konur oft til lands til fæðinga , talið var að regnvatn af þökum hafi smitað börn gegnum naflastreng ,vegna mengunar .

Stífkrampi er talinn enn landlægur í 25 löndum og sýndu þeir félagar Ástbjörn og Óskar á korti þau lönd ,sem verkefninu er ólokið .

Til hvers er ætlað af okkur ? Markmið að safna sem svarar 165 dölum usa (Kr.5.340) á hvern féлага og því skift á fimm ár . Fer að sjálfsögðu eftir gengi krónunnar á hverjum tíma hve mikið verður í ísl. krónum . Íslenska umdæmið með 100% þáttöku . Eldey er í fararbroddi . Klúbburinn hefur gerst Modelklúbbur,en þeir taka að sér að safna hærri upphæð eða 450 dölum usa pr. féлага á 5 árum . Ennfremur er Esja búin að gefa í söfnunina kr. 500 þús. , . Ásbjörn fór vítt og breytt um árangur hingað til og framhald söfnunar : Sýna m .a Hillersorðu sem seld er og fer ágóði til verkefnisins . Oraðn kostar 1250 dollara usa eða um 150.000 kr.

Fer yfir topp tíu í söfnun til verkefnisins og er Japan í fyrstasæti –Canada-Ástralía . og Holland með 50% Ísland er í 37.sæti eins og staðan er í dag . Hvað gerum við næst til að gera betur ?

Með SMS söfnun eða símtali í númerið 1900 færast þá kr. 660 inn á reikning söfnunarinnar. Söfnunarátakið hefur verið kallað STOPP 1900. Fyrir kr. 660 má bjarga þrem mannlífum.

Sögusýning í Kringlunni 20.-23. mars í tilefni 50 ára afmælis Kiwanishreifingarinnar á Íslandi 1964-2014 .Á sýningunni verður söfnunarátakið hafið. Söfnunarátakið mun standa til ágústloka nk. Niðurstaðan verður kynnt á umdæmisþingi í haust Umdæmissjóri Dröfn Sveinsdóttir segir frá eigin reynslu af stífkrampasprautu er hún fékk á Blönduósi vegna sárs á fæti er hún hlaut við leitun golfkúlu í Ísgolfinu .

Ástbjörn taldi upp ýmsa möguleika til árangurs ,bæklingur verður gefinn út á íslensku

Ætlast er til að klúbbarnir annist dreifingu á honum á sínu starfssvæði . Sýningin í Kringlunni verður mönnum félögum úr Freyju og Ægissvæði . Búið er að skipuleggja hvaða klúbbar leggi til menn á sýninguna . Þeir eiga að vakta sýninguna, kynna hreyfinguna og söfnunarátakið til útrýmingar á stífkrampa í heiminum. Þá óskaði hann eftir ,að klúbbarnir styðji við söfnunarátakið með öllum tiltækum ráðum í netheiminn sem og á mannfögnum .

Aðalseinn I.Aðalsteinsson sagðist neikvæður hafa verið en eftir fund þennan afar jákvæður . Söfnun mun ekki ljúka fyrr en árið 2015 á heimsþingi .

Símanúmerið 1900 verður opið í allt sumar ,eða til ágústloka .

Ástbjörn lauk máli sínu með þessum orðum : SAMAN ÚTRÝMUM VIÐ STÍFKRAMPA .

Svæðisstjóri . Bjarni Vésteinsson lauk fundi kl. 14:10

Ritari : Bjarnar Kristjánsson

Svæðisstjóri : Bjarni Vésteinsson